

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um för yfir landamæri, nr. 866/2017.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Frá og með 1. júlí 2020 er útlendingum, sem hvorki eru EES- né EFTA-borgarar, óheimilt að koma til landsins óháð því hvort þeir uppfylli skilyrði 5. gr., auk annarra skilyrða sem fram koma í 106. gr. laga um útlendinga.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um útlendinga sem hafa gilt dvalarleyfi eða annars konar dvalar- eða búseturétt hér á landi eða í öðru EES- eða EFTA-riki. Ákvæðið á heldur ekki við um útlendinga sem koma til landsins vegna brýnna erindagjörða, þ. á m. eftirtalda aðila:

- a. Farþega í tengiflugi.
- b. Starfsfólk á sviði heilbrigðisþjónustu og öldrunarþjónustu.
- c. Starfsfólk sem sinnir flutningum á vöru og þjónustu.
- d. Einstaklinga sem hafa þörf fyrir alþjóðlega vernd.
- e. Einstaklinga sem þurfa að ferðast vegna brýnna aðstæðna í fjölskyldu sinni.
- f. Diplómata, starfsmenn alþjóðastofnana, meðlimi herliðs og starfsmenn sem sinna mann-úðaraðstoð.
- g. Námsmenn.
- h. Einstaklinga sem þurfa nauðsynlega að ferðast vegna starfa sem teljast efnahagslega mikilvæg og störf þeirra geta ekki verið framkvæmd síðar eða erlendis.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 18. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 30. júní 2020.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.

Haukur Guðmundsson.